

Bernskuminningar frá Lýbíu

Hisham Matar
Í landi karlmanna
Ísak Harðarson þýddi
207 bls. JPV útgáfa 2007

Sagan gerist í borg þar sem brennandi eyðimerkursólin skín miskunnarlaust árið um kring og þjóðinni er haldið í helgreipum. Það er skylda að hafa mynd Verndaranum uppi á vegg á hverju heimili. Símahleranir, mannshvörf og opinberar aftökur eru daglegt brauð. Nágrannarnir njósna hver um annan og fulltrúar Byltingarnefndarinnar geta birst þá og þegar til að handsama svikara við málstaðinn. Er þetta umhverfi vísindaskáldsögu sem gerist í fjarlægri framtíð? Nei, svona var ástandið í Lýbíu fyrir 20 árum og hefur víst lítið breyst síðan. Hisham Matar bjó í Lýbíu þegar hann var lítill en er nú búsettur í fjölþjóðaborginni London. Í landi karlmanna er skáldsaga sem byggir á sönnum atburðum frá sumrinu 1979 þegar faðir Hisham Matar féll í ónáð og útsendarar Gaddaí Lýbíuforseta tóku hann höndum. Enn þann dag í dag hefur ekkert til hans spurst.

Í sögunni segir frá Suleiman sem er níu ára gamall, faðir hans er kaupsýslumaður sem berst á laun við að koma á betra þjóðskipulagi. Móðirin er bitur drykkjukona og líf Suleimans er mótað af því, hann þorir ekki að líta af henni og tekur á sig alla ábyrgð á gerðum hennar. Leynileg starfsemi föðurins hefur þrúgandi áhrif á heimilislífið, dagarnir eru þrungnir ugg og ótta. Af einhverjum ástæðum fær Suleiman aldrei að vita neitt. Hvílið og leyndardómsfull þögnin eru honum kvöl, hann dregur sífellt rangar ályktanir, fyllist reiði og vanmætti og veit ekki sitt rjúkandi ráð. „Umhyggja. Ég held að ég hafi þráð hana öllu öðru framar. Hljóga og stöðuga og óumbreytanlega umhyggju. Á tímum blóðs og tára, í þessari Lýbíu hinna óteljandi marblettóttu og útmignu manna sem engdust af þörf og þrá eftir lausn, þá var ég þetta kjánalega barn sem krafðist umhyggju. Og þótt ég hafi ekki skilið það þá með þessum hætti var sjálfsvorkunn mín eigi að síður orðin að sjálfsfyrirlitningu“ (142).

Frumtextinn (á ensku) er víða knúsaður og þýðingin þar af leiðandi líka. Sjónarhornið er ýmist barns eða fullorðins, barnið skilur hvorki hvað foreldrarnir eru að baksa í rúminu á kvöldin né hversu hættulegt er að tala við manninn sem vaktar húsið þeirra. Staða og hlutverk kvenna í múslímsku samfélagi er þema sem lúrir undir í sögunni. Biturð móður Suleimans beinist m.a. að Sjerasade, sem sagði sögur í 1001 nótt og var þyrmt sem frægt er orðið, hún „kaus ánauð fremur en dauðann“ (17). Í landi karlmanna er grimm og eftirminnileg saga um svik og sekt, lífsháska og mannlegt eðli á ógnartímum.

Steinunn Inga Óttarsdóttir
<http://steinunninga.wordpress.com/>